

Grímsvötn - staða 30. maí 2011 kl. 14:00.
Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: Steinunni S. Jakobsdóttur, Magnús Tumi Guðmundsson.

Byggt á: Jarðskjálftamælum, athugunum frá Grímsfjalli.

Á laugardagsmorgun klukkan 6:30 dró verulega úr óróa á Grímsfjalli og var hann með öllu horfinn klukkan 7. Frá því á fimmtudag hafði óróinn verið slitróttur. Í dag, mánudag 30. maí, var það staðfest af leiðangursmönnum í vorferð Jöklarannsóknarfélags Íslands að gosi í Grímsvötnum væri lokið.

Goslok eru því nú sett klukkan 7 að morgni laugardagsins 28. maí 2011.